



Samstarf Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun og
Flatar, samtaka stærðfræðikennara

Dagskrá VOR 2018

18. janúar kl. 15⁰⁰–17⁰⁰

Vinnustofa um skemmtilega stærðfræði fyrir kennara þar sem unnið er með það að læra af mistökum. Um vinnustofuna sér Guðný Helga Gunnarsdóttir og byggir hún hana á bókinni *What's Right About Wrong Answers* eftir Nancy C. Anderson. Verkefnið sem kynnt verða nýttast vel í 4.- 8. bekk. Allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis en gott er að skrá sig [hér](#).
Haldið á Menntavísindasviði HÍ v/ Stakkahlíð í K-103.

2. febrúar

Dagur stærðfræðinnar er haldinn fyrsta föstudag í febrúar ár hvert. Þemað í ár er stærðfræðin í bókmenntum. Hugmyndir að vinnu fyrir öll skólastigin verður hægt að nálgast á [Stærðfræðitorginu](#) og heimasíðu [Flatar](#), samtaka stærðfræðikennara þegar nær dregur.

2.–3. mars

Afmælisráðstefna Flatar á Hótel Selfossi en Flötur, samtök stærðfræðikennara verður 25 ára laugardaginn 3. mars. Sjá nánari upplýsingar [hér](#).

16. apríl kl. 15⁰⁰–17⁰⁰

Menntabúðir fyrir starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla. Menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Skráning auglýst síðar.
Haldið á Menntavísindasviði HÍ v/ Stakkahlíð

Námskeið:

Yngsta- og miðstig: Stærðfræði á hreyfingu er námskeið sem haldið verður fimmtudagana 5. og 12. apríl kl. 15⁰⁰–17⁰⁰. [Skráning og frekari upplýsingar eru hér](#).

Unglingastig og framhaldsskóli: Viðfangsefni og dagsetningar verða auglýstar síðar.

Starfspróun kennara: Á vef Menntavísindastofnunar er að finna ýmis stærðfræðinámskeið sem hægt er að panta eftir samkomulagi.

Tvö námskeið verða haldin á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands: Námskeið um námsmat á unglingastigi verður haldið 26. febrúar og námskeið um stærðfræði í leikskóla 13. apríl. Sjá nánar [hér](#).

Heimasíða Flatar, samtaka stærðfræðikennara er á vef Kennarasambands Íslands. Slóðin er <http://www.ki.is/flotur>



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

